

Úthlutunarreglur í tilraunaverkefni Brothættra byggða í Norðurþingi árið 2026

1. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðu eyðublaði.
2. Verkefnin, sem sótt er um styrk til, þurfa fyrst og fremst að vera til þess fallin að efla samfélagið á þjónustusóknarsvæðinu.
3. Umsækjendum er heitið trúnaði um það sem fram kemur í umsóknum og varðar verkefnið sem sótt er um styrk til meðan á umsóknarferlinu stendur. Að úthlutun lokinni verður birtur opinberlega listi yfir styrkt verkefni ásamt stuttri lýsingu, styrkupp hæð og nöfnum styrkþega.
4. Verkefnið, eða sá hluti sem styrktur er, skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár frá úthlutun. Sé um að ræða langtíma verkefni skal gera grein fyrir áföngum í verkefninu og óska einungis eftir styrk fyrir þeim hluta sem áætlað er að ljúka innan 12 mánaða frá úthlutun.
5. Samningur er gerður um sérhverja styrkveitingu. Hafi samningur ekki verið undirritaður við styrkþega innan þriggja mánaða frá tilkynntri úthlutun fellur styrkveitingin sjálfkrafa niður.
6. Styrkir greiðast út samkvæmt samningi. Að jafnaði greiðist helmingur upphæðarinnar þegar búið er að undirrita samning um verkefnið. Styrkþegi skal skila lokaskýrslu eigi síðar en ári eftir undirritun. Lokagreiðsla fer fram þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt af verkefnisstjórn og Byggðastofnun.
7. Styrkþegi getur ekki sótt um nýjan styrk nema ef fyrir liggur samþykkt lokaskýrsla, eða stöðumatsskýrsla, fyrir fyrri verkefni sem hlotið hafa styrk úr frumkvæðissjóðnum, nema samkomulag um annað á milli verkefnisaðila og verkefnisstjórnar liggi fyrir í kjölfar skila á áfangaskýrslu.
8. Ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum eftir úthlutun. M.ö.o. ákvörðun verkefnisstjórnar er endanleg.
9. Ekki er krafist mótfamlags umsækjenda en mótframlag getur talist verkefni til tekna í mati á umsókn.
10. Við mat á umsóknum verður tekið mið af eftirtöldum atriðum:
 - **Hversu vel verkefnið fellur að verkefnisáætlun Brothættra byggða í byggðarlaginu.**
 - **Útkoma verkefnisins nýtist sem flestum í byggðarlaginu.**
 - **Verkefnið leiði til atvinnusköpunar til framtíðar.**
 - **Útfærsla verkefnisins sé líkleg til árangurs og þekking/reynsla sé til staðar.**
 - **Markaðs- og rekstrarlegar forsendur séu trúverðugar.**
 - **Áhrifa verkefnisins gæti fyrst og fremst í samfélaginu og/eða byggðarlaginu.**
 - **Verkefnið hvetji til samstarfs og samstöðu.**
 - **Styrkveiting hafi mikil áhrif á framgang verkefnisins.**
 - **Hvort verkefni trufli samkeppni á þjónustusóknarsvæðinu.**
11. Ef fyrir liggur að verkefni umsóknaraðila raski ekki samkeppni á viðkomandi þjónustusóknarsvæði er heimilt að styrkja stofnfjárfestingu í aðstöðu, þ.m.t. tækjum og búnaði sem eru forsenda fyrir framleiðslu afurða og þjónustu.
12. Samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, samþykkir umsækjandi að verkefnisstjórn tilraunaverkefnanna afli og vinni með persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að fjalla um og greina umsókn.
13. Verði misbrestur á, eða önnur skilyrði verkefnisstjórnar fyrir styrkveitingu eru ekki uppfyllt, er heimilt að fara fram á endurgreiðslu styrksins.